

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

22. júní 2016

Vegna: Starfshóps sem gera á tillögur til breytinga á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 8. júní sl. (tilv.: UMH16050028/10-02), þar sem óskað er ábendinga eða tillagna til starfshóps sem m.a. er ætlað að koma með tillögu að frumvarpi til laga um breytingu á ofangreindum lögum.

Samorka skilaði umsögn til ráðuneytisins dags. 4. september 2015 þar sem settar voru fram ábendingar samtakanna vegna fyrirhugaðrar vinnu umrædds starshóps. Ánægjulegt er að nokkrar ábendinga Samorku er að finna í erindisbréfi fulltrúa í starfshópnum. Fyrri umsögn Samorku til ráðuneytisins fylgir hér með óbreytt og vísa samtökin til hennar.

Að auki vilja samtökin vekja athygli á meðhöndlun náttúrulegrar geislunar í útfellingum jarðvarmavirkjana. Skv. greinargerð Skipulagsstofnunar, dags. 30. nóvember 2015, er „slík framkvæmd sem felst í hreinsun, flutningi, geymslu og förgun geislavirkra efna, matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 sbr. viðauka 1, tölulið 3.04.“ Sá töluliður hljómar þannig:

Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnunum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnunum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

Að mati Samorku er ljóst að slíkar útfellingar verða héðan af einn af umhverfispáttum jarðvarmavirkjana. En sama skapi telja samtökin ekki við hæfi að flokka umrædda meðhöndlun náttúrulegra útfellinga undir þennan tölulið, sem bersýnilega er skrifaður til að fjalla um annars konar starfsemi.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri